


Nóvember 1966.

FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

TÍMARIT UM STJÖRNUSAMBANDSMÁL



EFNISYFIRLIT :

Bls.

Til félagsmanna. Þorsteinn Guðjónsson	3
Framlífsfræði. Erindi. Þorsteinn Jónsson	5
Lækningasambönd. Ingvar Agnarsson	8
Sérkennileg sjúkdómsvör. Þorsteinn Jónsson	9
Sambandsörðugleikar. Þorsteinn Guðjónsson	10
Draumur. Haraldur Jónsson	11
Nánari skýring. Þorsteinn Guðjónsson	12
Uppdrættir að stjörnusambandsstöð. Ingvar Agnarsson.	13
Tveir draumar. Ingvar Agnarsson	14
Eftirmáli. Þorsteinn Jónsson	15

Útgefandi : Félag Nýalssinna
Pósthólf 1159, Reykjavík.

Ritstjóri : Þorsteinn Jónsson
Úlfsstöðum, Borgarfirði

Forsíðumynd - ORÍON, Veiðimaðurinn.

Fornir stjörnuskoðendur skiptu himinhvelfingunni í svokölluð stjörnumerki og gáfu þeim nöfn. Hér er mynd af Veiðimanninum, en hann er eitt fegursta stjörnumerki, sem sést á kvöldhimninum. Efst í vinstra horni sjáum við Betelgeuse, sem er afarstór, rauð stjarna, með breytilegu birtumagni. Neðst í hægri horni er Rigel, sem er bláhvítt stórstirni. Á miðri myndinni eru 3 stjórnur í röð, Fjósakonurnar, einnig nefndar belti veiðimannsins en niður undan því eru nokkrar daufar stjórnur og mynda sverð veiðimannsins, í því er einnig hin mikla lýsandi gasþoka M42, sem er 16 ljósár í þvermál og í 1000 ljósára fjarlægð frá okkur. Efst til hægri við Veiðimanninn sjáum við stjörnuna Aldebaran, sem er tvístirni og í 53 ljósára fjarlægð. Hún tilheyrir Nautsmerkinu. Stjörnumerki þau, sem sólin fer um frá jörðinni að sjá, einn hring um himininn á hverju ári, eru nefnd sólmerki eða sóldýrahringurinn. Þau samanstanda af 12 stjörnumerkjum eitt fyrir hvern mánuð ársins og eru heiti þeirra talin upp í þessum tveim gömlu vísum:

Hrútur, tarfur, tvíburar,
teljum þar til krabba og ljón,
mey og vog þá vitum þar,
vorri birtist dreki sjón.

Bogamaður, steingeit standa næst,
stíka vatnsberi og fiskar nær,
svo eru merkin sólar læst,
í samhendum þessar litlar tvær.

Þess má geta til gamans að veitingasalurinn á efstu hæð Hótel Sögu hefur verið skreyttur með stjörnumerkjum dýrahringsins, og á forsíðu almanaks Þjóðvinafélagsins hafa þessar myndir einnig verið um langt árabíll.

Ingvar Agnarsson.

TIL FÉLAGSMANNA.

Oft hefur verið sagt, að Félag Nýalssinna væri dautt eða þá að vonandi væri það dautt, en þetta hefur þó ekki viljað á sannast. Félagið hefur lifað og lifir enn og heldur áfram að starfa, þó að starfsemi þess hafi vitanlega verið minni en skyldi og áhrif þess út á við þó enn síður svo mikil sem vera ætti. Ef til vill er ástæða til að vekja betur athygli félagsmanna á því, sem fram fer á vegum félagsins, svo að þeir gætu betur notfært sér það og stutt að því, ef þeir hefðu hug á.

Félagsfundir eru haldnir reglulega fyrsta miðvikudag hvers mánaðar kl. 9 e.h. í húsnæði félagsins á Laugavegi 24, 4. hæð. Er þar komið saman, oft án auglýsingar eða skipulagðrar dagskrár og rætt um eitt og annað sem ber á góma, en stundum er efnt til dagskrár eða sérstök málefni rædd. Þessa fundi ættu menn að sækja, ef þeim kemur eitthvað í hug, sem félagið mætti varða, eða vildu leggja þar eitthvað til eða aðeins koma til að sjá og heyra. Stundum getur leitt meira af komu eins einstaks á fund en líkindi mættu þykja til, og engum ætti að vera betur ljóst, en Nýalssinum, hverja þýðingu geislun hvers einstaks hefur fyrir sambönd fundarins í heild. Komumaður á fundinn getur bætt sambönd hans með góðum vilja einum saman, en af hinum bættu samböndum leiðir magnan og aukning lífs og getu. Á þennan hátt mættu fundirnir verða til góðs þeim sem sækja þá, og má vera að menn hafi stundum eitthvað fundið fyrir þessu.

Vísir til bókasafns er að koma upp þarna í þessu húsnæði, þar sem geymt hefur verið það sem óselt var af Nýal þeim, sem félagið gaf út árið 1955. Ekki hefur enn neitt verið ákveðið um skipulag þessa bókasafns, og er það verkefni stjórnar og/eða félagsfunda að sjá um slíkt, en vitanlega verða Nýalarnir þar allir og sjálfsagt einnig rit Þorsteins Jónssonar : Tunglsgeislar og Samtöl og líklega þá einnig Íslendingabyggð á öðrum hnetti eftir Guðmund Davíðsson. Einnig mætti nefna Landnámu og Íslendingabók og jafnvel einhverjar Íslendingasögur og Eddur, því að ekki er hægt að hugsa sér Nýal án sambands við hina samnsæknu bókmenntafortið Íslendinga, og hefur hann réttilega verið nefndur framhald þeirra. Hugsa mætti sér einnig þarna ævisögur miðla, þær sem komið hafa út á síðari árum og önnur andatrúarrit, jafnvel einnig biblíuna, kóraninn, Vedabækur Indverja og Hómerskviður, og önnur slík rit, en jafnframt þessu nýjar erlendar bækur um fræðigreinar og málefni sem varða fræði okkar og eru það raunar helzt þesskonar bækur sem hafa verið að safnast þarna fyrir að undanförunu. En framhaldið er vitanlega mest komið undir þeim áhuga sem félagsmenn sýna á þessari viðleitni.

Tveir almennir fundir voru haldnir á vegum félagsins í vetur og vor, og hefur verið frá þeim sagt í fundargerðum. En bæta mætti því við, að varla hefði orðið af þeim fundum án hinna mánaðarlegu félagsfunda, því að þar vögnuðu ráðagerðirnar um þessa fundi, sem væntanlega hafa þótt allvel heppnaðir. Það er óneitanlega nokkur uppörvun að því eftir hina fámennu félagsfundi, að sjá allt í einu 70-80 manns, sem vilja koma að hlusta á Nýalssinna, eins og var á síðari fundinum. Og þá mætti líka minnst á þau höpp, sem rak á fjórur félagsins rétt um það leyti og upp úr því sem þessir fundir voru haldnir, og ekki væri alveg ástæðulaust, samkvæmt lögmálum magnanarinnar og stillilögmálinu (þ.e. skilyrðunum fyrir hjálp handanað) að setja í samband við hina góðu fundarsókn, og skal nú líttilega á það minnzt.

Sala á Nýal. Svo er mér sagt að af endurútgáfu Nýals árið 1955, sem félag okkar annaðist, hafi um 700 (sex binda) heildir verið seldar um s.l. áramót, og mun verulegur hluti þess hafa selzt fyrstu tvö árin. Varla virtist ástæða til að ætla að söluhorfur færu vaxandi. En nú bregður svo við að rétt eftir að við héldum fyrri kynningarfundinn (í marz) berst Sigurði Ólafssyni myndarleg bókaþöntun að norðan ásamt greiðslu fyrirfram, og eftir seinni fundinn héldu pantanir áfram að berast og greiðslur, svo að á nokkrum vikum seldist alveg upp það sem til var skinnbundið og mikið af hinu hefta, og mun láta nærri, að selzt hafi sem svarar 200 heildum eða um fjórðungur á við allt sem selt var áður. Var nú álitleg fjárupphæð komin til umráða stjórnarinnar og gerði hún síðan ráðstafanir til þess að bundið yrði inn það sem eftir er af upplaginu, svo að hægt yrði að mæta eftirspurn framvegis. Mun Sigurður Ólafsson hafa lánað allmyndarlega fjárupphæð til þess að þessu yrði framgengt og Ingvar Agnarsson einnig, og vantaði þó enn töluvert á. En skömmu síðar hittir Ingvar Sturlaug Jónsson að máli og segir honum frá þessu og bregzt hann vel við og lánar það sem á vantar. Er þess að óska að þessi framkvæmd takist vel og giftusamlega, því hún bendir svo mjög til þess, að miklu geti orðið áorkað hjá okkur, þegar samhugur og áhugi er vakinn.

Hækkun á árgjaldi. Til þess að mæta auknum kostnaði við félagsstarfið bar stjórnin fram tillögu um það á aðalfundinum í vor, að félagsgjald yrði hækkað úr 100 kr. upp í 300 kr. á ári, og var það samþykkt. Hafa víst flestir brugðist vel við að greiða hið hækkaða gjald og sumir greiða 1000 kr. eða meira, og er ástæða til að geta um og meta mikils þann vilja, sem menn sýna með því að halda áfram að styrkja félagið. En í sambandi við þessa hækkun, og það að einhverja kynni að muna eitthvað um hana, kemur mér það í hug, að nú muni félagið vera að eflast, og muni mönnum því auðveldlegar en áður bætast það, sem þeir leggja á sig vegna þessa málefnis, ef þeir hafa þörf á, og yrði þetta þó því fremur sem fleiri yrðu samhuga um að trúá því að hér sé hjálpin (stillilögmál). Starfsemi á vegum félagsins er vaxandi og heppnast yfirleitt vel það sem gert er.

Sambandstilraunir. Síðan 1963 eða 1964 hafa nokkrir félagsmenn komið saman reglulega í húsnæði félagsins á Laugaveg 24, Reykjavík, til sambandstilrauna. Í fyrstu var miðilsefni ungur maður, sem ekki var í félaginu en virðist geðjast vel að því sem honum var sagt um kenningar okkar. Svo virtist fundarmönnum sem hann yrði eitthvað var sambandsáhrifa, en þegar fram í sótti urðu honum fundirnir sífellt erfiðari, og hvarf hann að lokum frá þessu. Hópurinn hélt þó áfram fundum sínum og gaf einn úr hópnum sig fram sem miðilsefni og varð hann oft var við áhrif, en lítið vannst þó á. Skömmu eftir áramótin varð það að ráði að annar reyndi, og fór hann fljótlega að verða var sterkra áhrifa, og munu fundarmenn líta svo að óslitin framför hafi síðan verið. Erfiðlega hefur þó gengið að koma fram samfelldum setningum af hendi sambandsveranna og mætti setja það í sambandi við hina daufu og óslenzku hugsun sem ríkjandi er í mannfélaginu. En ef hugsað yrði með trausti og góðum hug til þessara tilrauna, eru allar líkur til að árangur yrði frásagnarverður.

D.G.

FRAMLÍFSFRÆÐI. Erindi.

1. Fyrir ekki löngu las ég það í blaðaúrklippu, sem mér var send, að spámaður nokkur, rússneskur að uppruna, hafi talið sig fá hug-sambönd við íbúa annarra hnatta, og var svo að skilja, að honum hafi ekki þótt það neitt furðulegt. En þegar það fór að koma fram, að þessir íbúar annarra hnatta væru framliðið fólk héðan af jörðu, þá kom annað hljóð í strokkinn hjá honum. Þegar það fór að koma fram, sagði hann, að þetta samband sitt væri við 4. rýmd, og er þetta því eitt dæmið um það, hve fjarri mönnum það er að setja framlíf í samband við aðrar stjörnur. Þó að mönnum sé farið að skiljast, að víðar muni vera líf en á þessari jörð, og þó að þeir þykist jafnvel fá hug-sambönd við lifendur annarra hnatta, þá virðist sem þeim þyki það ekki geta komið til mála, að framlíf eigi sér stað.

En hvort skyldi mönnum nú samt ekki geta farið að koma í hug, að varðandi framlíf kunnir þeir að hafa byggt á röngum skilningi? Eins og kunnugt er, þá er það alls ekki nýtt að talað sé um fram-haldslíf og ýmsar tilraunir varðandi það án þess þó, að nokkrar fram-farir hafi átt sér stað í því efni. Öld eftir öld má segja, að staðið hafi verið í sömu sporum, og ætti það að geta gefið ástæðu til að ætla, að eitthvað hafi þar verið á röngum skilningi byggt. Og hvað væri nú líklegast til að hafa valdið slíku? Hið líklegasta er, að mis-skilning-urinn eða hin ranga undirstaða hafi orðið til af því, að reynt hafi verið að byggja á einhverju, sem menn ekki þekktu. Ef vel er aðgætt þá er satt að segja hið langlíklegasta, að framfaraleysi framlífs-fræðinnar stafi einkum af því, að í staðinn fyrir aðrar stjörnur, sem allengi hefir nú verið kunnur veruleiki, var einungis talað um anda-

heim eða þá 4. rýmd, eins og hinum rússneska spámanni virðist hafa þótt skynsamlegast.

2. Eins og dr. Helgi Pjeturss sýndi margsinnis fram á, þá úir og grúir af því í framlíflýsingum, sem er alveg óhugsanlegt, ef ekki væri þar verið að segja frá lífi samskonar því, sem lifað er hér á jörðu.

Í erindi, sem ég flutti hér um daginn, færði ég rök að því, að skyggni miðils sé falin í samskynjan við aðra eða skynjanaflutningi, og að hið framliðna fólk, sem hann talar um, sé því í rauninni ekki statt, þar sem miðilssamkoman fer fram. En hér ætla ég nú aðeins lítið eitt að víkja að nokkrum jarðlegum framlíflýsingum, og verður þá fyrir mér að fletta upp í " Bláu eyjunni " eftir William Stead, þó að hún sé víst mörgum kunn.

Þar stendur svo í II. kapitula :

" Ég varð þess var, að ég var staddur á milli tveggja vina minna, annar þeirra var faðir minn. Hann kom til þess að vera með mér, hjálpa mér og einkum sýna mér umhverfið. Þetta var því líkast, að maður kæmi til framandi lands og hefði féлага til fylgdar.

" Við feðgar og vinur minn lögðum af stað strax. Allt var svo náttúrulegt, dautt og lifandi eins og á jörðinni. Vér fórum út saman og fengum okkur hressingu. Hófst eðlilega fjörug samræða um vini beggja megin. Ég gat sagt þeim fréttir, og þeir færðu mér fregnir af vinum vorum og sögðu mér frá mörgu, sem snertir þetta land.

" Sjór var á leið vorri. Og gengum við félagar lengi, með ströndinni. Ekki líktist ströndin baðstöðum yðar við sjóinn, þar sem var gláumur og gleði. Þarna var yndislegur staður og friðsæll. Nokkrar stórbyggingar voru þarna til hægri handar, en sjór á vinstri hlið. Allt var bjart og fagurt, og bjarmi loftsins var áberandi. Ekki veit ég, hve langt vér gengum. Vér töluðum sífellt um hið nýja viðhorf, fólk mitt heima og hvernig hægt væri að láta það vita um hagi mína.

" Loks komum við að stórri byggingu, hringmyndaðri með hvelvingu mikilli. Mest bar á hvelvingunni. Stórar súlur sívalar héldu henni uppi. Innanvert var byggingin fagurblá. Þetta var ekki að neinu leyti hugmyndasmíð. Það var einmitt fögur bygging eins og til er á jörðinni. Hugsíð yður þetta ekki neitt æfintýrakennt. Byggingin var ekki æfintýrakennd. Blái liturinn var enn yfirgnæfandi og fannst mér hann auka þrek mitt "

3. Mikil ástæða er til að ætla, eins og líka vikið var þarna að, að þegar komið er til annars og betri staðar en jörðin er vakni sterk og brennandi löngun til þess að láta þá, sem eftir lifa, fá einhvern þátt í lífinu þar. Munu ýmsir þegar hafa reynt eitthvað líkt hér á jörðu, þegar þeir í öðru landi sáu tiltakanlega gróðurfagra staði, sem þó eru víst ekki nema svipur hjá sjón móts við suma dvalarstaði látinna

manna. Segi ég þetta til þess að leggja áherzlu á þá þörf, og þá nauðsyn, sem það er, að sambönd við hina látnu verði æ meiri og meiri. Svo sem jarðarþúum væri sannarlega hin mesta þörf á auknu viti og aukinni magnan frá hinum góðu stöðum framlífsins, þá er mjög líklegt, að framlifendur þar finni þó enn meira til þarfar sinnar til að veita slíkt. Á leiðum guðsríkis verða menn auðugir af því einu að gefa, og er því skiljanleg þörf þeirra fyrir þiggjendur.

En gætum nú að því hversu hin tilfærðu orð Williams Steads sýna fram á það, eins og ég sagði, hve framlíf hans var í alla staði jarðneskt, og hvort viðleitni hans jafnframt þeirri fræðslu sinni hefir ekki verið sú að greiða fyrir auknum og bættum samböndum. Hugleiði menn það t. d., hvort það gæti komið til mála að ganga fram með sjávarströnd, þar sem hvorki væri þyngd né tímaskyn, eins og sumir vilja þó halda fram að sé í framlífi. Án þyngdar gæti vitanlega engin sjávarströnd verið til eða aðskilnaður vatns og þurrlendis, og hvernig gæti líka gangur átt sér stað öðruvísi en í tíma? Og taki menn nú líka eftir þeirri áherzlu, sem þarna var lögð á það, að byggingarnar og annað, sem minnst var á, væru ekki óraunveruleiki eða eitthvað æfintýrakennt.

4. En hvernig er nú unnt að hugsa sér það, að maður flytjist í dauðanum til annars hnattar og lifi þar áfram jarðlegu lífi?

Því hefir lengið verið trúað, að maðurinn sé auk líkama síns sál og andi, og að hvortveggja þetta, andinn og sálin geti starfað óháð líkamanum. Læt ég hér ógert að geta mér til um það, hvernig sú trú hefir orðið til, en af skiljanlegum ástæðum leiddi hún hugi manna frá því að leita til stjarnanna, hvað framlíf þeirra snerti. Frá þessu sjónarmiði var litið á dauðann sem lausn úr fjötrum, þó að það kæmi reyndar illa heim við, hve "ýtasyrnir verða nauðugir að náum". Mótspyrna lifendanna gegn dauðanum hefir ævinlega komið hér fram sem sem mótsögn gegn þessari aðgreiningarkenningu. Og þegar nú gætt er að því, hvernig einstaklingurinn verður til, þá verður aðgreining sálar og líkama fullkomlega óhugsanleg.

Byrjunin er, svo sem kunnugt er, að tvær frumur sameinast í eina, sem verður svo að mörgum fyrir skiptingu, unz til er orðinn fullvaxinn fjölfrumungur, jurt, dýr eða maður, og virðist, þegar þetta er hugleitt, að einstaklingur geti ekki haldið áfram að vera til öðruvísi en fjölfrumungur.

Og þá verður nú hér ekki nema um eina leið að ræða.

Eigi maður ekki að neita því, sem svo óyggjandi sannanir virðast vera fyrir, að lifað sé áfram eftir dauðann, og eigi maður ekki heldur að neita því, sem náttúrufræðin sýnir svo ótvírætt fram á, þá verður kenning dr. Helga Pjeturss um lífsbandið á milli stjarnanna hér eina lausnin.

Það er undirstöðuatriði að skilja, að öll geislan eða áhrifaverk-

an frá einum stað til annars eru falin í viðleitni þess, sem geislanin stafar frá, til að framleiða sjálfan sig eða sitt ástand, þar sem geislan hans kemur fram.

Og nú blasir þetta við, sem einstökusinum á sér stað vísir að hér á jörðu, að ástand eins líkama getur, þegar sérstaklega stendur á, geislað sér til annars staðar með þeirri afleiðingu, að hann byggist upp á þeim stað, og slíkt er nú einmitt það, sem gerist, þegar látinn maður kemur fram á annarri jörð.

Eins og mörgum mun vera ljóst, þá er jarðlífið fjarri því að vera fullkomið, fjarri því að vera samstillt og sammagnað og getur þó, eins og ég sagði, borið við, að vísir verði hér til endurlíkömunar. Eru frásögur Sir Williams Crookes líklega einna veigamesta sönnun þess, að slíkt hafi átt sér stað, og mætti þó fleiri dæmi nefna.

En þar sem lífið er öflugra og samstilltara en hér á jörðu, eins og framlíflýsingar benda líka til, er vel skiljanlegt, að slíkt, sem hér hefir einungis getað orðið á mjög ófullkominn hátt eða ekki, muni þar geta orðið til fulls. Og ef til vill er það líka á hinum háþrúðu jörðum eins og á eyjunni bláu, að enn önnur skilyrði til þess séu miklu betri en hér. Þannig er talað um, að þessi blái litur loftisins þar veiti einhverja orku eða næringu, og er í því sambandi ekki alveg ástæðulaust að hafa í huga það, sem dr. Helgi hélt fram um himinbláma þessarar jarðar.

Er ekki þrátt fyrir hina ríkjandi kenningu í því efni hið líklegasta, að það sé ekki einungis endurkast hinna bláu sólargeisla, sem himinblámanum veldur, heldur komi þar einnig til greina þetta efni, sem gefur eldinum fjör og lifendunum er svo bráðnauðsynlegt ?

Þorsteinn Jónsson.

LÆKNINGASAMBÖND.

Til er bók, sem heitir Vaxandi trú, eftir trúboðann Smith Wigglesworth, sem einkum starfaði upp úr 1920. Segir þar frá ýmsum kraftaverkum og ýmsu öðru merkilegu. Á bls. 37-45 segir frá lækningu Lazarusar nokkurs í Wales, er var mjög þungt haldinn af berklum, og gat orðið ekki hreyft legg né lið. Er Wigglesworth var að undirbúa lækningu þessa þjáða manns, varð hann fyrir þeirri reyngu, er hann segir þannig frá með eigin orðum :

„Ég sagði við gestgjafa minn, að ég ætlaði ekki að matast um kvöldið. Þegar ég var háttaður, fannst mér sem djöfullinn væri að reyna að koma á mig öllum þeim plágum, sem berkasjúklingur getur af liðið, eða réttara sagt öllu, því sem hann hafði lagt á þennan vesæla mann, sem við vorum komnir til að biðja fyrir. Þegar ég vaknaði um

nóttina, hafði ég að öllu leyti þann hósta og þær þjáningar, sem berklasjúklingur getur liðið ".

Með bænum og hrópum tókst honum svo að losna úr þessu ástandi.

Þarna er sagt frá skýru dæmi þess, hvornig líkamsástand eins manns getur framleiðst í öðrum. Trúboðinn var búinn að setja sig í samband við hinn sjúka mann, og nú hafa þjáningar hans og sjúkdóms-einkenni komið fram í líkama trúboðans. Mun þetta ekki einmitt vera það, sem oft kemur fram hjá sumum geðsjúklingum, þótt geðlæknar hafi enn ekki áttað sig á því, og vilji e.t.v. ekki af slíku sambandi vita ?

Síðan segir Wigglesworth frá hinni algjöru lækningu sjúklingsins. Þeir voru átta saman, og héldust í hendur og héldu í hendur hins sjúka. Þeir báðu ekki bænar, en hvísluðu í sífelli nafnið " Jesús ". Þannig stóðu þeir allengi og mikill kraftur kom yfir þá. Og þeir fundu að krafturinn ýmist jókst eða minnkaði. En lengi virtist sjúklingurinn með öllu ósnortinn af þessum krafti, enda var hann trúlaus, að því er Wigglesworth segir. Loks fór krafturinn einnig að verka á sjúkl-inginn og tárin fóru að renna niður vanga hans. Trúboðinn og félagar hans slitu hringinn og settust, en hinn sjúki settist upp og fór síðan að klæða sig. Lækningaundur hafði gerst. Næstu daga vitnaði hann um lækningu sína á trúboðssamkomum, og fólk kom langar leiðir til þess að sjá hann.

Er þetta gerðist var Wigglesworth orðinn kunnur prédikari sem mikil áhrif hafði haft á tilheyrendur sína. Má víst telja, að um hann hafi þá þegar myndast sterkt aflsvæði. Hann er stilltur til æðri sambanda af miklum fjölda manna, sem trúir á lækningamát hans. Og er hann kemur að beði sjúklingsins, með þeim mönnum, sem honum standa næstir, stilla þeir sjúklinginn til sambands við æðri verur, svo að þeim tekst að koma við mætti sínum og lækna hinn sjúka mann. Því miður eru dæmi um slíka lækningu of fátíð ennþá, hér á okkar jörð, en gætu orðið algeng af hér tækist samstilling og réttur skilningur á því sambandi sem eitt mun duga.

Ingvar Agnarsson í júlí 1966

SÉRKENNILEG SJÚKDÓMSVÖRN.

Einn þeirra fáu félagsmanna, sem bréfaskipti hafa við mig, er Stefán Guðmundsson að Hólum í Dýrafirði. Hann er nú rúmlega hálf-níraður að aldri. Hefi ég eitthvað, en þó aðeins líttílega birt eftir hann í félagsblaðinu. Eftirfarandi frásaga hans, sem ég tek upp úr bréfi frá honum, þykir mér allmerkileg, því að ætla má, að hann hafi með þeirri aðferð, sem hann lýsir hér á nokkuð sérkennilegan

hátt, tekizt að verja sig banvænum sjúkdómi. Virðist hér vera um að ræða hugareinbeitingu gegn sjúkdómnum og þó um leið eftirgjöf til móttöku læknanði magns. Aðferðin er, eins og hann vék að í samtali við mig fyrir nokkrum árum, að gleyma sjálfum sér og hugsa með ástúð einnig til þess, sem telja verður illt eða rangstefnandi. Sjúkdóminn lítur hann á sem sendingu eða sendil, sem hann vill beina á rétta braut. Og eitt er það, sem ég sérstaklega veiti hér eftirtekt en það er þar, sem hann talar um, að sér hafi gefist dýpri og dýpri grátur guðlegs sambands, en slíkt minnir á það, sem ég tala um í grein minni " Heilsulind táranna ". Birtist sú grein í " Íslenzkri stefnu ", og veit ég nú ekki, hvort nokkrir af lesendum félagsblaðsins muna eftir henni. En hér læt ég nú koma frásögu Stefáns :

" Það var um haust á mínu 81.aldursári, að krabbamein heimsótti mig, eða nánar sagt þvagkirtilsbólga, sem þá á tveimur undanförunum árum hafði murkað lífið úr þremur frændum mínum og vinum hér í sveit. Blikan sú villti ekki á sér heimildir. Þá flaug mér einhverntíma í hug boðorð Jesú : Blessið þá sem yður bölva og s.frv. Og nú fór hún að renna upp fyrir mér skýrar og skýrar spekin þeirra Jesú og dr. Helga. Er fram í sótti viðskipti mín við bölvald minn, rann hún æ skýrar upp fyrir mér. Ég vék mér fljótt í rúmið og talaði við sendisvein bölvaldsins á þessa leið : Heilagleikans ljómandi guðsástar blessuð blessunin blessi þig, blessaður bölvaldurinn minn. Það kann svo að hafa verið í sjöundu eða áttundu lotu, að drengsi lét sig í bili, en ekki að fullu fyrr en á útmánuðum. En við talið hverju sinni varð ekki nema á að gizka 7 til 10 mínútur.

Heilsan hafði ekki látið á sjá, og taldi ég mig hálf í hvoru sloppinn, sem varð þó ekki. Næsta sumar var sóknin hafin að nýju. Ég breytti í engu um viðtökur, nema mér gafst dýpri og dýpri grátur guðlegs sambands í viðtölunum, er tóku vart lengri tíma en fyrr."

P. J.

SAMBANDSÖRÐUG LEIKAR.

Sennilega er engum betur ljóst en Nýalssinum, hvernig sambandið við hina framliðnu og allt lífsamband er háð hinu ríkjandi hugarfari. Við finnum það á sjálfum okkur, hvernig hugarfar annarra og álit gagnvart okkur hefur gagngerð áhrif á líðan okkar og hæfileika. Flestir hafa reynt, hve erfitt það getur verið að mæta sumum mönnum, sem ekki eru vinveittir, og þá einnig hitt, hve ánægjulegir sumir samfundir geta verið. Það sem þarna kemur til greina er lífgeislanin. Jafnvel þótt hinn miður vinveitti segi fátt, sem hægt er að telja athugavert, geta áhrifin frá honum verið lamandi. Svo getur jafnvel virzt, sem hann hafi helzt um allt rétt fyrir sér, og líklega hefur margur maðurinn verið troðinn niður og sviftur sjálfstrausti

af þeim sem þannig höfðu lag á að hafa " rétt " fyrir sér. En það sem um er að ræða er oftast það, að hinn meiri máttar er þátttakandi í einhverri þeirri samstillingu, sem gerir hann magnaðan.

Þetta er ástæðan til þess, að Nýalssinnar hafa ekki haft meiri framgang en raun er á. Hin ríkjandi samstilling (ef svo mætti kalla) hið ríkjandi hugsanavald, hefur ekki verið hliðhollt málefni okkar, og það jafnvel svo, að sumir sem í fyrstu voru því hlyntir eða jafnvel fylgjandi, hafa látið mótast af þessu valdi, og tapað þannig þeim samböndum, sem þeim höfðu bezt veitzt. En með því hafa þeir líka gert þeim erfiðara fyrir sem reyndu að halda í horfið.

Það hefur orðið sífellt erfiðara fyrir hina lengra komnu að koma sér hér við okkur til stuðnings og til þess að vekja nýja menn til umhugsunar um þessi mál. Og í því sambandi er eftirtektarvert, að þrátt fyrir hina miklu útbreiðslu andatrúarinnar (spiritismans) hér, hefur hún raunverulega verið í afturför að undanförunu, og ekki vakizt upp nýir kraftar henni til styrktar. Ungu fólkið hugsar ekki, segja menn. En það þýðir að hin æðri sambönd ná lítt til hans.

Ég hugsa mér þetta þannig, að þegar andatrúaröldur hafa gengið yfir, eins og um 1925 í Bretlandi og víðar, og hér á landi um það leyti, sem félag okkar var stofnað, um 1950, þá hafi undirrótin verið viðleitni handanað til að láta vita af sér. Þessi áhrif eru síðan þýdd hér eftir þeim ástæðum, sem fyrir hendi eru, því stigi þekkingar eða vanþekkingar sem verið er á. Þegar lítið vinnst á, verður úr þessu andatrú, guðspeki og undirvitundartrú og tilraunin mistekst. Og þegar hún tekst að einhverju leyti, eins og varð með stofnun félags okkar 1950, þá má líka búast við því að margt hafi mistekizt og aðeins nokkur hluti áhrifanna náð að koma fram eins og til var stefnt.

Á síðari árum hefur ekki orðið vart við slíka áhugaöldu sem varð í kringum 1950, og skil ég þetta þannig að áhrifanna frá hinum lengra komnu hafi nú um skeið lítið náð að gæta, en nú álít ég að ný alda sé að rísa og muni hennar verða vart ekki aðeins hér á landi heldur einnig í öðrum löndum. Muni þetta koma m. a. fram í því, að menn verði óhræddari við að fara á miðilsfundi og segja frá því sem fyrir ber, og einnig að miðilsfundir fari að takast betur en áður. Og þá ríður á að Nýalssinnar geti orðið samtaka um að notfæra sér hina nýju öldu, styðja hana og beina henni rétta átt.

Þorsteinn Guðjónsson.

DRAUMUR.

Aðfararnótt 27. júní 1966 dreymdi mig, að ég minntist þess, að maður, sem ég þekki nokkuð vel, hefði, þegar hann var barn, verið að hugsa um vél, sem hann gæti ferðast með í lofti. Aðallyftistöng

vélarinnar þótti mér að verið hafi möndull með nokkuð grófgerðum skrúfum. Það langt þótti mér maðurinn hafa verið kominn með upp-
götvun sína, að möndullinn snérist með miklum hraða og lyftist upp í loftið með það, sem við hann var fest, kassa, sem drengurinn sat í. En það fannst mér hafa vantað, að drengurinn gæti haft vald á hraðanum og því, hvert vélin færi. En hann gat náð henni niður á jörð aftur. Og þarna fannst mér hann hafa hætt við hugmynd þessa eða smíð.

Ég ákvað nú að hafa orð á þessu við manninn næst þegar ég hitti hann og hvetja hann til að ljúka við uppfynding þessa, því að mér fannst hann vel geta það. (Maður þessi er nú við fimmtugt).

Hjá mér þótti mér standa maður, sem ég sagði frá þessari æt-
un minni, og taldi hann það ekki ná neinni átt að fara að hvetja um-
ræddan kunningja minn til að fara að fullgera þessa æskudrauma sína, því að það mundi hann ekki geta. Sagði ég þá, að hann mundi geta gert þetta að barnaleikfangi og verða fyrir það, ef til vill, milljóna-
mæringur, og féllst þá þessi hjástöðumaður á það, og við það vaknaði ég.

Eftir að ég var vaknaður, hugleiddi ég drauminn lítið eitt og ákvað að segja hann mannum, þegar ég hitti hann næst. En daginn eftir (27.) kom svo maðurinn heim til mín til að kveðja mig, því að hann sagðist fara norður í land næsta dag. Og þegar nú maðurinn var seztur inni hjá mér, mundi ég eftir draumnum og sagði honum hann svona að gamni mínu. " Þú heldur nú víst, að þetta sé rugl og vitleysa ", segir hann þá, " en það er nú ekki. Þegar ég var drengur datt mér einmitt þetta í hug og það á þennan hátt, sem þú segir að þig hafi dreymt. Hefi ég oft hugsað um þetta síðan og síðast í morgun, enda sannfærður um að hægt sé að búa til svona vél. " Eitthvað lýsti hann því svo nánar. En vitanlega hafði ég aldrei haft neina hugmynd um þetta fyrr en draumurinn kom til og þetta viðtal við manninn.

Haraldur Jónsson.

NÁNARI SKÝRING.

Í félagsblaði, apríl 1966, er í fundargerð frá 5. janúar, getið um orðaskipti, sem ég átti við danskan stjórnufræðing fyrir nokkrum árum, samkvæmt samtali okkar Stefáns Thorarensens þarna á fundinum. En þessi orðaskipti urðu annars á fundi, sem haldinn var í háskólanum og hafði stjórnufræðingnum verið boðið hingað til að halda fyrirlestur.

Niðurlagsorðin í fundargerðinni eru á þessa leið : - " En í blöðunum daginn eftir hefði ekkert verið getið um erindið, og taldi Þorsteinn það aðalávinninginn af þessu tiltæki sínu ", og má vera að

þau orð þurfi nánari skýringar við. Eins og Nýalssinum mun yfirleitt vera ljóst og jafnvel ýmsum öðrum, þá fer fjarri því, að dr. Helgi Pjeturss hafi verið látinn njóta sannmælis hér á landi sem vísindamaður. Sönnu nær er hitt að þögnin um hann hafi verið með ólíkindum, og er engu líkara en að um vísvitandi viðleitni hafi verið að ræða til að breiða yfir það, að hann hafi nokkru sinni til verið. Virtist mér þessi viðleitni vera jafnvel sérstaklega eindregin um það leyti sem umræddur atburður átti sér stað, en þó var þess einnig að gæta, að um það leyti voru hinar fyrstu báurur hins nýja og aukna stjarnlífsáhuga erlendis að berast hingað. Þegar ég svo heyrði að von væri á kunnum útlendingi til landsins til að flytja erindi um " líf á öðrum stjörnum " í háskólanum, þóttist ég þegar sjá hvað væri í uppsiglingu. Það átti að fá útlendinginn til að tala um allt og ekki neitt og segja mönnum síðan að svona ættu fræðin um líf á öðrum hnöttum að vera en ekki eins og kennt hefði verið hér á landi. - Og það átti auðvitað ekkert að minnast á að neitt hefði verið kennt um þau efni hér eða að nokkur Íslendingur hefði komið þar við sögu.

Þessi ágizkun mín brást ekki. Hinn frægi útlendingur hafði í rauninni ekkert að segja umfram það, sem alkunnugt var og lengi hafði verið. Hann slepti því jafnvel að minnast á sumar þær at- hugarir, sem nýjastar voru og bentu til lífs á öðrum stjörnum. Og honum var ekki sagt þarna að til væri íslensk kenning um þessi efni - fyrr en ég gerði það.

Ég hef orðið var við það, að sumir hafa haldið, að ég hafi gert mig sekan um einhverja framhleypli þarna, og að ég hefði ekki átt að vera að þessu. En þetta er fjarri sanni. Að forminu til þykir það hvarvetna sjálfsagt, að áheyrendur eigi kost á að gera fyrirspur- ir að loknu erindi, og þarna var alveg sérstök ástæða til. Og til marks um að ekki hafi allir verið á einu máli um, að þessu hefði ekki átt að hreyfa, hef ég m. a. það, að dr. Þorbjörn Sigurgeirsson, sem var meðal þeirra sem stóðu að þessum fyrirlestri, tók í höndina á mér og þakkaði mér fyrir komuna.

Þorsteinn Guðjónsson.

UPPDRÆTTIR AÐ STJÖRNUSAMBANDSSTÖÐ.

Einhverntíma, og helst sem fyrst, þurfa Nýalssinnar að hefjast handa um byggingu stjörnusambandsstöðvar. Það þarf að verða veglegt hús, og vandað í alla staði.

Eitt hið fyrsta, sem til þess þarf, er að gera uppdrætti eða teikningar að slíkri byggingu.

Ég vil leggja til, að félagar (og e. t. v. aðrir) reyni að láta sér detta eitthvað í hug, um útlit og gerð slíkrar stöðvar. Bygginga-

meistarar standa vel að vígi, því þeir hafa kunnáttu til að gera teikningar, samkvæmt hugmyndum sínum, í þessum tilgangi.

Að vísu sjáum við ekki enn fram á möguleika, til að hefja byggingu stjörnusambandsstöðvar, en það mundi flýta fyrir ef til væru teikningar eða tillögur af slíkri byggingu, sem væru mismunandi, eftir því, sem hverjum einum dytti í hug. Hægara væri þá að velja úr og nota hið bezta sem fram kæmi, þegar tímabært yrði að undirbúa byggingu slíkrar stöðvar.

Einhversstaðar minntist dr. Helgi Pjeturss á að ef farið væri í alvöru að hugsa til byggingar stjörnusambandsstöðvar, mundu menn fá hverja hugmyndina annari snjallari, og mun það m. a. byggjast á áhuga hinna lengra íbúa annarra hnatta til að verða okkur að liði í þessu máli.

Ef einhverjir vildu leggja þessu máli lið, óskar félagið eftir, að menn sendi hugmyndir sínar og upprætti í pósthólf 1159, Rvík, eða til einhvers meðlims stjórnarinnar.

Ingvar Agnarsson.

TVEIR DRAUMAR

I.

Mig dreymdi að ég var staddur í skuggalegu herbergi. Andspænis mér sat vera nokkur svo illileg og hryllileg að vart mun hægt að lýsa, og svo ferlega ljót, að vart mun hægt að kenna til manns, og efast ég um, að slíkur maður geti verið upprunninn héðan af jörð, nema þá, ef hann skildi hafa dýalið lengi í víti, og þroskast þar í illa átt. Ekki varð mynd þessarar veru mér skýr í draumnum, enda beindist athygli mín fyrst og fremst að höndum hennar. Voru þær stórar mjög og loðnar á handarbökum og dökkar, og á hverjum hnúa fingranna voru stórir hnúðar, sem ekki eru til á mennskum mönnum. Ég leit á hendur mínar og voru þær að öllu leyti eins og hendur hins. Þetta voru hræðilegar krumlur.

En hið hræðilegasta af þessu öllu voru þó athafnir okkar. Við sátum á einhverskonar bálkum. Ég neytti allrar hugarorku minnar til að kippa andstæðingi mínum upp úr sæti sínu og draga hann til mín. Til að geta enn betur beitt þessum krafti teygði ég fram hendurnar og dró þær til mín aftur með krepptum krumlum. Þannig réri ég aftur og fram í sæti mínu. Ég þóttist vita, að ef mér tækist að kippa þessum óvini mínum upp úr sæti sínu, mundi ég eiga allskostar við hann, og skildi ég þá ekki gefa honum grið, en gera honum allt það

illt er ég mætti. Óstjórnlegt hatur og illgirni brann í huga mér til þessarar veru, en jafnframt var ég haldinn miklum ótta við hana og vissi að þarna var um líf og dauða að tefla, því ekki mundi hinn fara betur með mig en ég með hann, ef hann hann sigraði í þessari viðureign okkar.

Andstæðingur minn fór eins að og ég, hreyfði sig á sama hátt. Ég fann greinilega hinn mikla kraft, sem streymdi frá þessari illu veru, fann hvernig hann togaði í mig. Ég spyrnti við af alefli með fótunum og munaði þó stundum litlu, og ég kipptist upp úr sæti mínu, og hentist í fang andstæðingsins.

Allengi stóð þessi tvísýna barátta, þannig að hvorugur náði yfirhönd yfir hinum. Vaknaði ég svo upp frá þessum draumi og leið illa fyrst á eftir, var sveittur og með mikinn hjartslátt.

II.

Mig dreymdi að ég var staddur úti, og umhverfis mig hópur fólks. Stóð það umhverfis mig á allar hliðar, og þótti mér ég vera miðdepill tilraunar nokkurrar, sem þarna átti að gera, en hún var fólgin í því, að allir í hópnunum legðu fram hugarorku sína, til að fá mig til að svífa upp í loftið. Ég fann greinilega hvernig þessi orka verkaði á mig og er samstilltur kraftur þessa fólks var orðinn nógu mikill, lyftist ég frá jörðu, og leið beint upp í loftið. Ég lokaði augunum, og reyndi að sameinast orku hinna sem bezt. Svo fann ég, að ég stöðvaðist í loftinu. Ég opnaði augun, og hallaði mér áfram til að líta niður, og sá ég hópinn alllangt fyrir neðan mig. En við það að halla mér svona áfram og líta niður fannst mér ég missa öryggiskenndina, og lagði ég því augun aftur og reyndi að rétta mig aftur við í loftinu, þannig að ég stæði lóðréttur. Síðan stóð ég þannig um stund og jafnaði mig. Og er liðin var smástund, fannst mér samband mitt við féлага mína niðri á jörðunni, aukast á nýjan leik, og fannst mér ég fá boð um að nú vildu þeir reyna að láta mig fara helmingi hærra. Síðan þaut ég hærra upp í loftið og staðnæmdist loks. Ég hallaði mér áfram og leit niður, og nú var mér horfinn allur ótti og öryggisleysi. Ég sá hópinn beint niður undan mér, og nú sýndist mér hann mjög lítill, enda hæðin allmikil. Mér fannst þessi tilraun hafa tekizt mjög vel, og ég þóttist líka finna, vegna hins nána sambands míns við féлага mína þarna niðri, að einnig þeir væru mjög ánægðir með árangur tilraun- arinnar.

Ingvar Agnarsson
í ágúst 1966

EFTIRMÁLI.

Í stað þess að víkja að ýmsu því, sem í blaðinu birtist, eins og ég hefi stundum gert í eftir- eða formálum mínum hér í blaðinu, ætla ég nú að víkja aðeins að því, sem Þorsteinn Guðjónsson talar um í grein sinni Sambandsörðugleikar. Þar sem ýmsir þeir munu vera lærðir og mikilsvirtir menn, sem horfið hafa frá kenningum Nýals, eftir að hafa þó hrifist af þeim um stund, þá væri ekki nema eðlilegt, að einhverjir félagsmenn létu sér detta í hug, að fráhvarf þeirra manna hafi stafað af aukinni vitkun þeirra. En gæti þessir einhverjir nógu vel að, þá munu þeir bráðlega geta séð fram á, að svo er ekki. Það hefir áreiðanlega ekki verið fyrir aukna vitkun, ef horfið hefir verið frá þeirri hugsun, að líf jarðarinnar sé þáttur í óprotlegu alheimslífi. Undirstaða þess, sem kenningin um heimssamband lífsins byggist á, er alveg óvæfengjanleg, og geta þeir bezt sagt um það, sem um tugi ára hafa athugað drauma sína og annað þeim skylt. Kenning dr. Helga um eðli svefnis og drauma er annað meira en það að vera tilgáta, því að hún er uppgötvun eða lausn. Hörfun frá Nýal er vegna þessa svo fjarri því í sannleika skynsamleg, að hún er afleiðing þess, að hætt hafi verið að beita skynsemi og greind á þann hátt, sem menn gera helzt, meðan æskan brennur þeim í brjósti og þeir eru óháðastir valdi heimskunnar. Það þarf af þessu enginn að halda, að þessi hörfun sé nokkru sinni annað en eftirgjöf og hræðsla við það að standa einir eða í hópi fáeinna lítillsmetinna samherja, og þarf nú reyndar engum að lá, þó að hann kveinki sér við slíku. Sannleikurinn er, að aðstaða Nýalssinnans er svo erfið, að mikil furða má heita að nokkur þeirra skuli vera uppistandandi. Til að njóta að einmitt þess sem Nýalssinni öðrum fremur getur gert sér ljóst, að er hið eftirsóknarverðasta, standa engir eins illa að vígi og Nýalssinnar. Fyrir það að vera Nýalssinni hlýtur hver að verða vanmagnaðri og háður meiri sambandsörðugleikum en flestir eða allir aðrir, og stafar það vitanlega af engu öðru en þessu, að hinn kunnir miðill, Hafsteinn Björnsson, kvað síður vilja Nýalssinna á fund hjá sér en nokkra aðra. Auðvitað er það hið ríkjandi vanmat á þeim, sem hann finnur sér koma í koll, ef hann hefir þá nærri sér, og þeir sambandsörðugleikar, sem af því stafa. En hvað mundi það þá helzt vera, sem bezt mætti verða til að létta af þessum álögum og leiða til sigurs? Aukið hikleysi og aukinn djörfungur er það, sem þar mundi einna bezt reynast, því að enginn þarf að halda, að nokkur sigurleið sé til önnur en sú að leita á brattann. Og hvað mundi þá helzt færa Nýalssinum hið nauðsynlega hikleysi og djörfungur? Einmitt þetta, sem ég hefi hér vikið að og fram kom í nefndri grein hér að framan. Það, sem fram- ar öðru ætti að geta gefið okkur hikleysi, djörfungur og þol, er að hafa gert sér ljóst, af hvaða toga hikið og óttinn eru runnin í þessu efni. Við þurfum að gera okkur fullkomlega ljóst, að kenningar Nýals hafa við ósvikin rök að styðjast, og að hörfun frá þeim á því ekki skylt við vitkun eða einarða beitingu greinarinnar.

Þorsteinn Jónsson